

✉ Re: 2109053 - Fossabrekkur

Búið til	1.11.2021 13:07:47
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.11.2021 13:07:46
Tilheyrir	📁 202110-0027 - Fossabrekkur Rangárbökkum við Ytri Rangá - umsögn

Efni

Re: 2109053 - Fossabrekkur

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.11.2021 13:07:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	birgir@ry.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir Fossabrekkur:

Tilvísun í mál nr. 202110-0027 (SS).

Vísað er í tölvupóst, dags. 15. október 2021, frá skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Fossabrekkna við Ytri Rangá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin með skipulagslýsingunni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Fossabrekkur eru innan tveggja svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt sem tillögur að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Annars vegar tillagan Ytri-Rangá – Ytri-Rangá | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/21649>) – sem er tilnefnd vegna ferskvatnsvistgerða en áin er á þessum slóðum skilgreind sem vistgerðin „Ár á yngri berggrunni“ og þykir hafa hátt verndargildi sem vatnsmikil lindá sem rennur úr köldum lindasvæðum í Rangárbotnum. Mikilvægt er að raska ekki jaðarsvæðum vistgerðarinnar. Svæðið er einnig tilnefnt vegna „kaldra linda“ sem er vistgerð með mjög hátt verndargildi. Þessi köldu lindasvæði eru víða í næsta nágrenni Fossabrekka.

Hins vegar er það tillagan Fossabrekkur sem er tillaga að verndarsvæði fyrir fossa – Fossabrekkur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/28568>) – en fossarnir þykja hafa hátt verndargildi. Um er að ræða formfagran lindárfoss þar sem áin myndar gróðurvin í ljósleitum gjóskuauðnum Heklu.

Verndargildi Fossabrekka er því mjög hátt og ef áhugi er á að gera Fossabrekkur að fjölsóttum ferðamannastað, eins og áformin í deiliskipulagslýsingunni gefa skýrlega til kynna, þá þarf að fara afar varlega því svæðið þolir ekki mikinn ágang og er viðkvæmt sér í lagi næst ánni og fossunum. Þær tillögur sem eru kynntar í deiliskipulagslýsingunni eru ekki endanleg útfærsla en ljóst er að stefnt sé að umtalsverðri innviðaupbyggingu mjög nálægt fossasvæðinu og bökkum Ytri-Rangár.

Fyrirhugaður áningar- og útsýnisstaður er staðsettur í miðri aurkeilu. Mikið vatn og vikur getur borist niður gil Ytri-Rangár í leysingum og þegar skoðaðar eru loftmyndir frá mismunandi tímaskeiðum sést að breytingar hafa orðið á þessari aurkeilu. Áningar- og útsýnisstaðurinn verður að taka mið af því t.d. með því að hafa hann á stöplum eða huga að annarri staðsetningu. Að öðrum kosti gæti hann lokað fyrir framrás efnisins og haft áhrif á landmótun á svæðinu. Ef efni kemst ekki áfram óhindrað niður aurkeiluna getur það valdið upphleðslu á bakvið útsýnisstaðinn og beint straumnum eftir þrengri farvegum sitt hvoru megin við pallinn og valdið rofi. Þá þarf að veða og meta stærð áningar- og útsýnisstaðarins með tilliti til áhrifa á ásýnd svæðisins.

Áætluð gönguleið að Rangárbotnum er um 8 km löng og fara þarf varlega í stígagerð á leiðinni og taka tillit til áhrifa af aukinni umferð á gróðurfur og landslag.

Þá er mikilvægt að huga að áhrifum framkvæmda og umferðar á lífríki svæðisins. Heiðagæs og straumönd verpa í næsta nágrenni Fossabrekkna og í Rangárbotnum og eru griðlönd í hólum milli vatnsmikilla kvísla varpsvæði fyrir þessar fuglategundir. Aukið aðgengi að svæðinu má ekki ógna varpi og viðveru fugla á svæðinu.

Einnig þarf að skoða hvort bílastæði og uppbygging ofan Fossabrekkna hafi áhrif á útsýnið yfir fossana, þ.e. hvort þessi mannvirki sjáist í bakgrunni. Samhliða uppbyggingu ferðamannastaða þarf jafnframt að tryggja landvörslu og umsjón með svæðinu. Þetta á sérstaklega við um Fossabrekkur sem er mjög viðkvæmt svæði fyrir ágangi ferðamanna eins og áður hefur komið fram.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Haraldur Birgir Haraldsson" <birgir@ry.is>
To: "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Ólafía Lilja Bragadóttir - VG" <olafia.l.bragadottir@vegagerdin.is>; "ragnhildur@south.is" <ragnhildur@south.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir - SLS" <Soley.Sigurgeirsdottir@skipulag.is>; "Regína Sigurðardóttir" <regina.sigurdardottir@for.is>
CC:
Subject: 2109053 - Fossabrekkur
Date: 25.10.2021 16:08:55

Heil og sæl öll

Þau mistök urðu að rangur uppdráttur fylgdi síðasta pósti til ykkar

Hér eru rétt gögn!

Vinsamlegast afsakið þessi leiðu mistök og sendið mér umsögn ykkar við meðfylgjandi skjöl, takk.

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Haraldur **Birgir** Haraldsson
Skipulags- og byggingafulltrúi

Sími 4887000

Heimasíða www.ry.is
(<http://www.ry.is/>)

Facebook /rangarthing-ytra
(<https://www.facebook.com/Rangarthing-ytra-349403531824425>)

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Rangárbíng ytra

velliðan fyrir alla

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

Viðhengi

image002.jpg (60 KB)

image001.jpg (9 KB)

image003.png (5 KB)